

## Vetrarfrí

Það er komið vetrarfrí  
Ég segi ekki nei við því  
Ég er dottinn fýling í  
og ætla að gera gott úr því

Fleygja af mér fötunum  
Jafnhatta mér undir sæng  
Kveikja upp í leddinu  
og fara útúr heddinu.

Fullan pakka af Kókópöffs  
Ostaslaufur og Toffípopps  
Ég gúffa í mig eins og hross  
Ómægð ég er svo töff

Því það er komið vetrarfrí  
Ég segi ekki nei við því  
Ég er dottinn fýling í  
og ætla að gera gott úr því

Það er komið vetrarfrí  
Ég segi ekki nei við því  
Ég er dottinn fýling í  
og ætla að gera gott úr því

En þá kemur pabbi inn  
Með allt aðrar meiningar  
Hann vill fara í bæinn  
og skoða listasýningar

Málverk eftir látið fólk  
sem hanga upp á hvítum vegg  
Má ég miklu frekar biðja um  
illa soðið stropað egg.

Hvernig kemst ég undan þessu?  
Segist vera með fuglaflensu  
illa haldinn af trúarlosta  
þarf að fara á sálumessu  
Ómægð hann trúir þessu  
Smíðar status úr þessu:  
“Að eiga svona frábær börn  
Er afleit getnaðarvörn”

Svo ég kveiki aftur á leddinu  
Fleygi mér á fletinu  
Fíra upp í geiminu  
Fer aftur út úr heddinu

Það er komið vetrarfrí  
Ég segi ekki nei við því  
Ég er dottinn fýling í  
og ætla að gera gott úr því

Það er komið vetrarfrí  
Ég segi ekki nei við því  
Ég er dottinn fýling í  
og ætla að gera gott úr því